

BÓNDVARÐAN

28. NÓVEMBER 2025. 26. ÁRGANGUR

MÚLAPING

Gleðilega hátið

Ljósmynd: Jón Einar Ágústsson

Kæru þegar Djúpavogs í Múlapingi
Þorrablótið 2026 verður haldið
laugardaginn 7. febrúar á Hótel Framtíð
Takið daginn frá!



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru íbúar Djúpavogs

Þetta er annað ávarpið sem ég skrifa í þetta skemmtilega blað sem Bóndavarðan er. Mér finnst mikilvægt að þrátt fyrir sameiningu sveitarfélagsins okkar þá eru ákveðin sérkenni sem fá að halda sér á hverjum stað fyrir sig. Ekkert sambærilegt blað er gefið út í hinum byggðarkjörnum svo þetta er eitt af þessum sérkennum sem hefur haldið sér á Djúpavogi. Annars konar hluti má svo finna á hinum stöðunum. Þótt við séum ávallt að vinna í því að straumlínulaga hluti og leita að hagræðingartækifærum þá má það ekki ganga svo langt að við missum niður allar hefðirnar okkar og það sem einkennir hvert byggðalag fyrir sig.

Fleiri sérkenni má auðvitað telja upp fyrir samfélagið á Djúpavogi. Hér er ákveðin ró yfir mannlífnu, ákveðin jarðtenging sem fólk finnur strax og það stígur fæti inn í byggðarlagið. Sú tilfinning er ekki bara tilviljun heldur tengist það líklega þeirri hugsjón sem Djúpavogsbúar hafa haldið á lofti árum saman: Cittaslow-hugmyndafræðinni. Hún er í grunninn einföld; að hægja á, vanda sig, njóta þess sem er og byggja samfélag sem er þægilegt að búa í.

Á þessum árstíma, þegar undirbúningur jóla getur náð hraða sem minnir óþægilega á Formúlu 1, er þetta sérstaklega mikilvægt. Við erum fljót að tynast í verkefnalistum sem virðast aldrei taka enda. Við upplifum að það þurfi að baka kökurnar, pússa silfrið, græja pakkana og allt hitt en jólin verða ekki betri þótt við þrælum okkur út í aðdraganda þeirra. Stundum þurfum við bara að stoppa og segja: „Nóg. Ég ætla að njóta.“ Þetta, kæru Djúpavogsbúar, er Cittaslow í hnotskurn, ekki satt?

Það er líka staðreynd að hamingja fólks byggir oft á einföldustu hlutunum. Samvera. Góð samtöl. Að taka sér tíma. Að gera eitthvað af ásetningu en ekki bara vegna þess að „það á að gera þetta“. Við verðum hamingjusöm þegar við finnum að við tilheyrum og það tel ég að öll samfélögin okkar í Múlaþingi séu góð í, að taka utan um hvert annað og passa upp á að öllum líði vel. Í minni samfélögunum vita flestir hverjir aðrir eru, og þar að leiðandi erum við fljót að taka eftir ef einhverjir þurfa á aðstoð að halda. Munum eftir okkar minnstu bræðrum á þessum tíma og réttum hjálparhönd ef við getum.

Cittaslow snýst líka um að gefa rými fyrir gæði – í mannlegum samskiptum, í þjónustu, í umhverfi og í því hvernig við nýtum tímann okkar. Í aðdraganda jóla finnst mér við sérstaklega eiga að leyfa okkur að ganga aðeins hægar. Setjast niður með heitan drykk, horfa út á höfnina, spjalla við nágrannann og hlusta á börnin í leik. Þetta eru augnablikin sem munu lifa með okkur. Upp á síðkastið hef ég séð foreldra á samfélagsmiðlum gera áhugaverða tilraun með börnunum sínum þar sem þau eru beðin að nefna þrjár jólagjafir sem þau fengu um síðustu jól og fæst þeirra geta það, þessar gjafir virðast fallnar í gleyskunnar dá, en þegar þau eru spurð hvert fjölskyldan fór í sumarfríinu þá muna þau vel eftir því og geta nefnt sína uppáhalds minningu frá fríinu.

Nú þegar jólin nálgast vil ég hvetja ykkur til að anda rólega, njóta þess sem er, og gefa sjálfum ykkur smá frið inn á milli framkvæmda og jólaundirbúnings. Við þurfum ekki að gera jólin fullkomin. Við þurfum bara að vera til staðar – fyrir okkur sjálf og hvert annað. Læt hér fylgja með þessari kveðju nokkrar línur úr kvæði Friðriks Guðna Þórleifssonar sem er eitt af mínum uppáhalds jólalögum því mér finnst textinn einmitt svo notalegur og fangar stemninguna sem mig langar að upplifa á þessum árstíma:

**Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólaveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið og ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.**

Ég óska ykkur öllum gleðilegra, hlýrra og notalegra jóla. Megi þau einkennast af nærveru, ljúfum samverustundum og þeirri hamingju sem sprettur upp þegar við látum hjartað ráða för.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
sveitarstjóri Múlaþings

VELKOMIN Á DJÚPAVOG



Við erum Biggi, Becca og Ísold og við fluttum til Djúpavogs í september svo Biggi gæti lokið kennaranámi sínu í grunnskólanum.

Við viljum þakka öllum kærlega fyrir hlýjar móttökur. Okkur hefur liðið mjög vel í bænum og erum mjög spennt fyrir vetrinum. Biggi er ættaður frá Djúpavogi og á fjölskyldu hér í bænum, svo við þekktum staðinn vel áður en við fluttum hingað. Biggi flutti til Reykjavíkur eftir menntaskóla og lærði ferðamálafræði og ævintýraleiðsögn áður en hann byrjaði að vinna sem leiðsögumaður. Hann vann svo við að ferðast um Ísland í um 7 ár, hvort sem það var uppi á jöklum, hálendi eða hellum í kringum landið. Það var í leiðsögninni sem Biggi og Becca kynntust. Becca er frá Bretlandi og ólst upp á milli Manchester og Peak District þjóðgarðsins. Hún lærði sjávar umhverfisfræði (BSc) í Wales og ábyrga ferðamennsku (MSc) í Leeds. Hún kom til Íslands til að vinna eitt sumar sem köfunarkennari og varð ástfangin af Íslandi og síðan Bigga. Þegar Ísold fæddist bjuggum við á Selfossi og rákum þar gistiheimili. Becca rekur lítið fyrirtæki sem heitir The Grumpy Whale og selur barnabókina sína og áður seldi hún handgert heitt lúxus súkkulaði.

Nú vinnur Becca heiman frá sér sem rekstrarstjóri fyrir ferðapjónustufyrirtæki með aðsetur í Reykjavík. Ísold Lóa elskar að leika sér úti í náttúrunni á Djúpavogi og hefur það rosalega gott með vinum sínum á leikskólanum. Hún er lang vinsælasti meðlimur fjölskyldunnar þar sem svo virðist sem allir í bænum þekki

hana með nafni. Við erum spennt að kynnst bænum og íbúum betur á komandi mánuðum. Becca hlakkar til að koma nýrri vöru fyrir The Grumpy Whale í framleiðslu og sjá hvort bærinn verði framtíðarheimili okkar!



Kæru viðskiptavinir



Íþróttamiðstöðva Múlapings

Við viljum þakka ykkur fyrir frábæra mætingu og jákvætt viðmót á árinu.

Þið skapið lífið og stemninguna í húsunum okkar árið um kring. Við hvetjum ykkur til að halda áfram á ykkar heilsuvegferð, bæði nú yfir hátíðarnar og á nýja árinu.

Við minnum á að fylgjast með opnunartíma íþróttamiðstöðvanna yfir jól og áramót sem verður birtur á vef og Facebook síðu sveitarfélagsins.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

VIÐ HOFUM
OPNAÐ NÝJAN
VEF ROKA.IS
FRÍ HEIMSENDING
FYRIR
DJÚPAVOGSBÚA.

GLEÐILEG JÓL OG FARSÆLI
KOMANDI ÁR
ÞÖKKUM VIDSKIPTIN
Á ÁRINU

11.06.2010
HAKKABÚÐ
SOUVENIRS
DJÚPAVOG

NÝIR ÍBÚAR

Enn bætist gæðafólk við mannauð Djúpavogs. Vinsælasti liður Bóndavörðunnar er ávallt í jólablaðinu þar sem tekið er saman þau börn sem fæðst hafa á árinu. Árið 2024 var eitt barn væntanlegt þegar jólablað Bóndavörðunnar fór í prentun og valdi svo útgáfudag blaðsins til að koma í heimin. Því fær Magni litli í Dölum að fylgja með í upptalningu þessa árs.

5 nýir einstaklingar hafa bæst við þennan heim frá síðustu upptalningu Bóndavörðunnar. Til hamingju heimur með allar gersemarnar!



Hér er **Magni Pálmason**

- Þyngd við fæðingu: 3.484 gr.
- Lengd við fæðingu: 52 sm.
- Fæðingarstaður: Landspítalinn í Reykjavík.
- Fæðingardagur: 27. nóvember 2024.
- Foreldrar: Unnur Malmquist og Pálmi Fannar.
- Magna finnst skemmtilegast að leika við systkini sín.



Hér er **Józef Jan Poznański**

- Þyngd við fæðingu: 3710 gr.
- Lengd við fæðingu: 53 sm.
- Fæðingarstaður: Neskaupstaður.
- Fæðingardagur: 10. október 2025.
- Foreldrar: Karolina og Kamil.
- Józef finnst gott að fara í göngutúra, fara í bað, að borða og sofa.



Hér er **Brynhildur Dís Vernharðsdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3944 gr.
- Lengd við fæðingu: 53 sm.
- Fæðingarstaður: Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Fæðingardagur: 12. júlí 2025.
- Foreldrar: Vernharður Ingi og Eydís Una.
- Brynhildi Dís finnst mjög gaman að spjalla, fylgjast með hundunum okkar og fara í sund.



Hér er **nýfæddur og ónefndur Natansson**

- Þyngd við fæðingu: 3494 gr.
- Lengd við fæðingu: 52 sm.
- Fæðingarstaður: Neskaupstaður.
- Fæðingardagur: 17. nóvember 2025.
- Foreldrar: Anna Czezcko & Natan Leó.
- Lilla finnst skemmtilegast að kúra hjá mömmu og pabba og stóru systkinum sínum.



Hér er **nýfædd og ónefnd Arnórsdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3660 gr.
- Lengd við fæðingu: 50 sm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 23. nóvember 2025.
- Foreldrar: Bergey & Arnór.
- Lillu þykir skemmtilegast að liggja á brjósti.

TEIGARHORN - FRIDLÝSINGARAFMÆLI

Árið 1975 var Teigarhorn friðlýst sem náttúruvætti en svæðið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (zeólíta) í heimi. Geislasteinana er að finna í klettum og sjávarhömrum Teigarhorns og veðrast fram öðru hverju. Var friðlýsingin endurnýjuð árið 2013 en jafnframt hlaut jörðin þá einnig friðlýsingu sem fólkvangur.

Í ár voru því liðin 50 ár frá friðlýsingu svæðisins sem náttúruvætti. Til að halda upp á tímamótin var haldin viðburður í september síðastliðinn. María Helga Guðmundsdóttir jarðfræðingur hélt þar erindi og sagði frá kortlagningu jarðfræði Austurlands auk þess að ræða sérstöðu svæðisins. Að fyrirlestrinum loknum sagði Þuríður Elísa Harðardóttir, ábúandi, stutt frá störfum ljósmyndarans Noline Weywadt sem bjó og starfaði á Teigarhorni en síðan var opnuð ljósmyndasýning á vel völdum myndum Noline. Landvörður hafði einnig vel valin eintök af steindum til sýnis svo gestir gátu kynnt sér sérstöðu svæðisins með eigin augum.

Var viðburðurinn ágætlega sóttur þrátt fyrir að veðurguðirnir hefðu ekki verið okkur hliðhollir. Við þökkum gestum og fyrirlesurum kærlega fyrir komuna og hlökkum til næstu 50 ára.

Rúnar Matthíasson
Landvörður Teigarhorns



UPPSKRIFTIN

Í síðasta tölublaði Bóndavörðunnar skoraði Baldur Sigurðsson á Gigie Rizon að deila uppskrift sinni af víðfræga réttinum Humba. Hráefnin sem mörg hver eru ekki fánæg í almennum verslunum má gjarnan finna í Filipino Store í Langarima í Reykjavík og á vefsíðu verslunarinnar Filipino.is.

Humba

Hráefni

900gr – 1 kg svínasíða	2 ½ matskeið púðursykur
1 stór laukur niðurskorinn	½ bolli þurrkuð bananablóm (dried banana blossoms)
5 hvítlauksgeirar pressaðir	2 lárviðarlauf
2 matskeiðar saltaðar svartar baunir.	1 teskeið heil piparkorn
2 matskeiðar sojasósa	1 bolli vatn
2 matskeiðar edik	

Aðferð

1. Brúnið svínasíðuna á heitri pönnu
2. Bætið við lauk og hvítlauk. Steikið þar til laukurinn mýkist
3. Bætið við sojasósunni, piparkornum og lárviðarlaufum.
4. Hellið vatninu yfir og leyfið suðunni að koma upp. Látið sjóða þar til kjötið er orðið mjúkt (bætið vatni við eftir þörfum).
5. Setjið edikið út í og sjóðið í 3 mínútur.
6. Setjið baunirnar og púðursykurinn út í og leyfið að sjóða í 5 mínútur
7. Bætið við bananablómum og látið malla í 5-8 mínútur
8. Færið í diska og njótið! Tilvalið með grjónum.



Gigie skorar á Milenu Gutowska að deila með lesendum Bóndavörðunnar uppskrift af einhverjum þeirra dásamlegu laxrétta sem hún töfraði fram fyrir Kaldvík á Matarmóti Austurlands.

SÖNGDÍSIRNAR



„Söngurinn göfgar og glæðir“, jólatónleikar og Þorláksmessusöngur

Á Þorláksmessu 2024 opnaði Gamla kirkjan í fyrsta sinn eftir að endurbætur hófust, prýdd jólaljósum, í hátíðlegum blæ, með jólasamsöng og samverustund og yndislegri jólastemmningu. Þar kíkti fólk á öllum aldri við í jólaönnum dagsins og andaði rólega saman. Það naut jólaljósa og Gömlu Kirkjunnar, söng og hlustaði saman á jólalög í notalegri núvitund áður en annir Þorláksmessu og jólahátíðarinnar héldu áfram.

Gamla Kirkjan var ekki hituð upp á þessum tíma, gestir og gangandi í góðum vetrarúlpum. Stundum mátti greina örliða gufu af andardrætti söngþátttakenda og loftið angaði aðeins af sagi, frá smíðavinnunni sem verið var að vinna. Þetta gerði stundina jafnvel enn jólalegri og hátíðlegri og minnti jafnvel á þá gömlu tíma og sagnir sem við minnumst svo gjarnan á jölunum. Það lagði því hlýju yfir inni í Gömlu Kirkjunni þrátt fyrir vetrarlegt veðrið fyrir utan upplýsta gluggana.

Söngdísirnar ásamt hljóðfæraleikara sáu um forsönginn og hvöttu fólk til að syngja með í hverju lagi. Söngdísirnar hafa haldið áfram að æfa og ákváðu t.d. að æfa saman nokkur létt og skemmtileg lög fyrir formlegt opunarpartý Gömlu Kirkjunnar, sem haldið var með pompi og prakt, á gleðilegri uppskeruhátíð. Í upphitaðri Gömlu Kirkju, á síðasta vetrardegi ársins í apríl, í sól og snemmsumri, með klingi í kristal og í frábærum félagsskap.

Söngdísirnar, þær Greta Mjöll, Helga Björk, Íris og Þórdís eru allar miklar jóladísir, komast í jólaflíng með haustinu og jólalögin því löngu komin á dagskrá. Auk þess slæst í hópinn hin dásamlega Andrea, sem og að tónlistarmennirnir Kristján I og Guðmundur Gunnlaugs slá þar einnig á léttu strengi. Nú eru því jólalögin að verða tilbúin, sem hópurinn mun flytja í jólastemmningu, laugardaginn 20. desember í Djúpavogskirkju. Tímasetning verður auglýst nánar í desember.

Þorláksmessusöngstundin í Gömlu Kirkjunni er komin til að vera og því ekki úr vegi að byrja strax að hita upp raddböndin og vel þekkta jólatexta, mæta svo öll sem eitt, anda saman að sér jólastemmningunni og taka vel undir. Jólatónlistarhópurinn býður ykkur öllum í notalega núvitund, jólasöng- og samverustund á Þorláksmessu 2025, klukkan 16:30 í Gömlu Kirkjunni.

Sjáumst í desember, syngjandi sæl og kát.

Hlökkum til að sjá ykkur

Söngdísirnar



BIRTINGARMYND CITTASLOW Í ÞORPINU OKKAR



Snákurinn í júní



Snákurinn í ágúst

Í maí birtist lítill steinasnákur við ljósastaur í Búlandi. Við snákinn voru leiðbeiningar þar sem fólk var hvatt til að bæta við máluðum steinum og ekki fjarlægja þá sem þegar voru. Strax í júní mátti sjá snákinn margvert lengri og í ágúst var hann orðinn margra metra langur. Snákurinn gladdi og fegraði umhverfið okkar og fullkomin birtingarmynd um Cittaslow samfélagsverkefni sem tekið er eftir. Bóndavarðan veit ekki hver stóð á bakvið fyrirbærið en þakkar fyrir framtakið sem er aðdáunarvert og hvatti fólk til listsköpunar og samfélagsþátttöku.



Múlaþing

Ert þú með hugmynd?

Byggðaráð Múlaþings auglýsir til umsóknar styrki til menningarstarfs á árinu 2026. Umsóknarfrestur er til og með 21. desember 2025.

Tilgangur styrkjanna er að efla menningarlíf í Múlaþingi. Styrkir í þessari úthlutun eru að upphæð 50.000 – 500.000 kr. Sótt er um með rafrænum hætti á **Mínum síðum** á vef sveitarfélagsins.

Ertu með vangaveltur eða spurningar?

Hafðu samband:

Elsa Guðný Björgvinsdóttir deildarstjóri menningarmála:
elsa.bjorgvinsdottir@mulathing.is / 4700 700.

Nánari upplýsingar á mulathing.is



ÞAÐ ÞARF ÞORP TIL AÐ ALA UPP BARN

Það þarf þorp til að ala upp barn, þetta orðatiltæki hefur mér alltaf þótt vænt um og tengi svo vel við. Það er sennilega vegna þess að mér hefur alltaf fundist það mikil forréttindi að hafa alist upp í samfélagi þar sem ömmur, afar, frænkur, frændur, vinir og vandamenn voru í næsta nágrenni og höfðu aðkomu að mínu uppeldi.

Þetta gaf mér ákveðið öryggi þegar ég var krakki og ég upplifði alltaf að það væru allir með mér í liði ef ég þyrfti á hjálp að halda. Þannig að minn skilningur á þessu orðatiltæki er að það þarf heilt samfélag fólks til að hjálpa til við að hvert barn geti vaxið og dafnað í öruggu, fjölbreyttu og heilbrigðu umhverfi.

Í nóvember komu foreldrar í Djúpavogsskóla saman á vinnustofu á vegum Heimilis og skóla, sem eru Landssamtök foreldra. Markmiðið var að búa til farsældarsáttmála sem byggir á því að foreldrar koma sér saman um ákveðin viðmið eða gildi sem þeir telja mikilvæg til þess að styðja við vöxt og þroska allra barna í nærsamfélaginu. Vinnustofan var á íslensku en túlkuð á ensku, pólsku og úkraínsku.



Tæplega 80% nemenda átti fulltúa á þessari vinnustofu sem er frábær mæting og alveg til fyrirmyndar. Þessi öflugri foreldrahópur sameinaðist um viðmiðin í sáttmálanum og þannig mynda þau þorp utan um börnin.

Farsældarsáttmálinn gefur foreldrum tækifæri til þess að forma samstarf sín á milli, styrkja foreldrastarfið. Foreldrar eru lykilaðilar í að skapa farsælt samfélag. Auk þess er það ómetanlegur stuðningur fyrir foreldra að hafa breitt tengslanet í öðrum foreldrum í nærsamfélaginu. Samstíga eru þeir öflug rödd umbóta og geta þannig unnið gegn einelti og fordómum og stuðlað að auknum skilningi og umburðalyndi milli fjölbreyttra hópa (sjá heimasíðu heimilis og skóla).

Foreldrar sáu líka um veitingar og hjálpuðust að við að elda súpu og baka brauð auk þess sem boðið var upp á kaffi og súkkulaði. Einstaklega vel gert hjá foreldrum í Djúpavogsskóla.

Obba – skólastjóri Djúpavogsskóla



Jólin, jólin alls staðar

Ljósín á jólatrénu á Bjargstúni verða tendruð fyrsta sunnudag í aðventu, 30. nóvember.

Samkoman hefst kl. 17:00 og heyrst hefur að jólasveinar muni líta við með eitthvað gott í pokahorninu.

Njótum samverunnar á aðventunni



Sveitarfélagið Múlaþing | Lyngási 12, 700 Egilsstöðum | Sími: 4 700 700 | mulathing@mulathing.is



Kæru gestir og vinir Hótels Framtíðar,

Við sendum ykkur hjartanlegar þakkir fyrir traustið, hlýjuna og dýrmæt samskipti á árinu sem er að líða. Á hverjum degi eigum við ykkur að þakka að húsið okkar fyllist af lífi, brosum og sögum sem gera starfið bæði gefandi og persónulegt.

Megi jólin færa ykkur frið í hug, yl í hjarta og samverustundir sem lýsa upp skammdegið. Við hlökkum til að taka á móti ykkur á nýju ári, með ferskum hugmyndum, góðri þjónustu og endurnærðri gleði.

Með virðingu og þökkum,
Starfsfólk Hótels Framtíðar á Djúpavogi



*Gleðileg jól og
 farsætt komandi ár!*

**Hótel
 Framtíð**

KVENNAFRÍDAGURINN 2025



Hálf öld er liðin frá Kvennafrídeginum 1975 og komu konur og kvár saman víða um land og gengu frá sínum störfum. Djúpvogur var þar engin undantekning og komu hátt í 50 konur saman í Gömlu kirkjunni. Þar var dagurinn rifjaður upp frá árinu 1975 yfir kaffi og kruðeríi og jafnréttismálin rædd og þrædd. Nokkrar í hópnum tóku þátt í deginum fyrir 50 árum síðan og sögðu frá reynslu sinni og upplifun af þeim sögulega degi. Í framhaldi færði hópurinn sig yfir á Faktor. Þar var fylgst með beinni útsendingu af Arnarhóli þar sem yfir 50 þúsund manns komu saman.

Duríður Harðardóttir náði að festa nokkur augnablik dagsins á filmu og hlýtur hún bestu þakkir fyrir.



*Gleðileg jól og
farsoelt komandi ár*



*Takk fyrir viðskiptin
Sjáumst næsta vor*



HRÓSIÐ

**Jónína Guðmundsdóttir**

Ég ætla að vera stórtæk og hrósa krökkunum í þorpinu. Því þetta eru góðir krakkar upp til hópa.

Ég skora á Gústu Svavarsdóttur að gefa sitt hrós í næsta blaði.

**Drífa Ragnarsdóttir**

Ég vil hrósa vinkonum mínum í Tryggvabúð fyrir yndislegan félagsskap og góða samveru. Þær gefa mér svo mikið og drífa mig áfram.

Ég skora á Ingibjörgu Stefánsdóttur að gefa sitt hrós í næsta blaði.

**Guðný Björg Jónsdóttir**

Mig langar að hrósa Hreini fyrir vinnu sína við kirkjugarðinn okkar. Þar eru vel unnin störf og vel að öllu staðið. Hreinn er svo vandvirkur og gerir alla sína vinnu upp á 10.

Ég skora á Steinunni Þórarinsdóttur að gefa sitt hrós í næsta blaði.

**Karólína Sigurðardóttir**

Ég vil hrósa og þakka Auja mínum fyrir það hvað hann er mér yndislega góður maður og án hans væri ég ekki uppistandandi. En síðustu árin hafa verið mér þau erfiðustu í lífinu.

Ég skora á Berglindi Einarsdóttur að gefa sitt hrós í næstu Bóndavörðu.

**Óskum starfsfólki, viðskiptavinum
og samstarfsaðilum gleðilegrar
hátíðar og farsældar á nýju ári.**

**7. desember jóla-kökuhláðbord.
22. desember skötuveisla.**

**Jólaþak frá Löngubúð
Auður og Bergþóra.**



Gleðileg Jól

Gleðilega hátíð



Kaldvík óskar Austfirðingum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Kaldvík

MATARMÓT AUSTURLANDS HALDIÐ Í FIMMTA SINN

Mikið var um dýrðir, laugardaginn 15. nóvember sl. í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, þegar fimmta Matarmót Austurlands fór fram. Um 30 framleiðendur og sýnendur tók þátt og er mál manna að einstaklega vel hafi tekist til.

Dagurinn hófst á málþingi um landsins gæði þar sem fjölbreyttur hópur fyrirlesara tók þátt. Málþingsstjóri var Hafliði Halldórsson hjá Icelandic Lamb. Fyrst á mælendaskrá var Hanna Katrín Friðrikson, atvinnuvegaráðherra og var einkar ánægjulegt að hún skyldi gefa sér tíma til að vera með okkur. Næst steig í pontu, Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir, býflugnabóndi á Austurlandi, sem sagði frá áhuga sínum á býrækt og hvernig hugmyndin að framleiðslu hunangs á Austurlandi kviknaði. Harriet Olafsdóttir, frá Gørðum í Færeyjum, er ungur sauðfjárbóndi af sjöttu kynslóð frá litla þorpinu Æðuvík. Hún hefur breytt búinu sínu í fyrirtæki sem selur máltíðir í stað kjöts, varning þar sem kindurnar hennar eru fyrisætur, gistingu og kynnisferðir. Hún sinnir svo að sjálfsögðu allri þeirri daglegu vinnu sem fylgir búskap, s.s. sauðfjárhaldi og ræktun kartaflna, rabarbara og annarra grænmetistegunda. Þegar Harriet tók við búinu fyrir sjö árum var markmiðið að snúa rekstri í mínus við og breyta í arðbært fyrirtæki svo hún og fjölskylda hennar gætu lifað af búskapnum. Fyrirtækið stækkar með hverju ári og er í dag frekar lífsstíll en hefðbundið starf. Hjónin Eydis Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson eru bændur í Sölvanesi þar sem þau stunda lífrænan sauðfjárbúskap. Þau sögðu frá búskapnum og hvernig þau hámarka virði fjárens í gegnum lífræna ræktun. Hjónin Hulda Brynjólfssdóttir og Tyrtingur Sveinsson, bændur á Tyrningsstöðum, sögðu frá tilurð Uppspuna og hvernig þau hjónin hafa aukið nýtingu afurða sauðkindarinnar og hvernig það hefur styrkt afkomuna. Þá fjölluðu þau um hvernig auðgandi landbúnaður styður við lífríki jarðvegs og bætir þær plöntur sem í honum vaxa, sem síðan auka heilbrigði dýranna sem éta plönturnar og heilbrigði þeirra sem neyta dýraafurðanna. Síðust á mælendaskrá var Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari, kennari og formaður Slow Food á Íslandi. Hún fjallaði um mikilvægi þess að innleiða hægætishugmyndafræðina í alla matvælakeðjuna – að maturinn eigi alltaf að vera góður, hreinn og sanngjarn. Með því að líta á keðjuna í heild sinni er hægt að stytta aðfangaleiðir, tryggja frumframleiðendum sanngjarnt verð og skapa einstaka matarupplifun fyrir heimamenn og gesti. Dóra ræddi hvernig þessi nálgun stuðlar að sjálfbærni, styrkir samfélagið og gerir austfirskar krásir að ógleymanlegri upplifun.



Ljósmyndir: Austurbrú



Matarmótið hófst síðan klukkan 14:00, með ávarpi frá atvinnuvegaráðherra og að því loknu var húsið opnað fyrir gesti og gangandi. Um 1000 manns mættu á svæðið til að kynna sér ótrúlega fjölbreytta, bragðgóða og fallega framleiðslu; hvoru tveggja matvæla og annarra vara úr austfirsku hráefni. Þá voru góðir gestir á svæðinu. Ægir Friðriksson, Fellbæingur og kennari í Hótel og veitingaskólanum var mættur aftur með fimm kokkanema með sér. Þeir brugðu sér af bæ á föstudeginum og heimsóttu Móður jörð í Vallanesi, Lindarbrekku í Berufirði og Goðaborg/Beljanda á Breiðdalsvík og fengu gefins hráefni. Þeir töfrðu síðan fram fjölbreytta og bragðgóða rétti sem gestir Matarmótsins gáfu góða einkunn. Í portinu fyrir utan Sláturhúsið var samstarf milli Tandrabrettis og Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og sáu kokkarnir Ólafur Ágústsson, Borgfirðingur og Sigrún Sól Agnarsdóttir, Héraðsbúi um að grilla flatbrauð og bragðbæta það með uppsjávarfiski, í boði Síldarvinnslunnar og alls konar kræsingum.

Mikla athygli vöktu skreytingarnar í Sláturhúsinu, en það var Lára Vilbergsdóttir í Húsi handanna, ásamt aðstoðarkonum, sem átti heiðurinn að þeim. Þar mátti m.a. sjá súrdeigsbrauð og lífrænt grænmeti í nýjum hlutverkum, m.a. sem kertastjappar og lampar. Austurbrú stýrir Matarmótinu og er það stór og fjölbreyttur hópur fólks sem kemur að skipulagningu. Undirbúningur hefst strax að loknu síðasta móti og nú þegar hafa komið fram margar hugmyndir um það hvernig við getum stækkað og víkkað Matarmótið 2026. Það er ósk skipuleggjenda Matarmóts að enn fleiri sjái tækifæri í því að vera með á þessum stóra degi og taka þátt í því að byggja Austurland upp sem stórkostlegan mataráfangastað.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir,
skipuleggjandi Matarmóts Austurlands

RITHÖFUNDALESTIN Á AUSTURLANDI 2025 – HEIMSÓKN Á DJÚPAVOG

Árleg ferð Rithöfundalestarinnar um Austurland var 6. – 9. nóvember. Lestin heimsótti Djúpavog 7. nóvember í ár og kom fólk saman á Hótel Framtíð að þessu sinni og hlýddi á höfunda lestarinnar lesa upp úr sínum verkum.

Ásgeir Hvítaskáld kynnti sögulega skáldsögu sína um austfirsku atburði sem heitir Saklaust blóð í snjó. Nína Ólafsdóttir las upp úr sinni fyrstu skáldsögu, *Dú sem ert á jörðu*. Óskar Þór Halldórsson kynnti áhugaverða bók sína og samantekt um Akureyrarveikina, Ása Þorsteinsdóttir las úr ný útgefinni ljóðabók sinni, *Hjartað varð eftir* og Gunnar Helgason kynnti sína nýjustu barnabók, *Birtingur og símabannið mikla*.

Frekar um höfundana:

Nína Ólafsdóttir er líffræðimenntuð og býr á Akureyri þar sem hún stundar rannsóknir á sviði sjávarlíffræði. Hún hefur ekki gefið út skáldverk áður en hlaut nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta árið 2022 fyrir handritið að bókinni sem nú er komin út hjá Forlaginu. *Dú sem ert á jörðu* er skáldsaga sem gerist í framtíð þar sem miklar umhverfis- og samfélagsbreytingar hafa orðið á norðurhveli jarðar og víðar. Bókin hefur fengið mikið lof gagnrýnenda og lesenda og minnir aðeins á Aðventu Gunnars Gunnarssonar þar sem aðalpersónan er ein á ferð með hund.



Gunnar Helgason les úr sinni bók

Ásgeir Hvítaskáld er afkastamikill rithöfundur, leikskáld og sjálfstæður kvikmyndagerðarmaður sem hefur búið á Austurlandi í eina tvo áratugi. Hann hefur gefið út barnabækur og skáldsögur í áratugi undir merkjum Frjáls orðs, eigin útgáfufyrirtækis. Undanfarin ár hefur hann skrifað sögulegar skáldsögur sem sækja efniviði í austfirsku atburði. Árið 2022 kom út *Morðið í Naphorni* sem sagði frá aðdraganda síðustu aftökunnar sem fram fór á Austurlandi 1786. Í ár eru það voveiflegir atburðir tengdir Höllusteini og Blóðbrekkum í Norðfirði sem hann gerir að söguefni í bókinni *Saklaust blóð í snjó*.

Óskar Þór Halldórsson er gamalreyndur blaðamaður og bókahöfundur frá Akureyri eða nánar tiltekið úr Svarfaðardalnum. Hann hefur fengist við ýmiskonar skrif og gefið út ævisögur og byggðarit. Svarfdælasýsl forlag heitir útgáfufyrirtæki sem hann rekur ásamt systkinum sínum. Síðustu ár hefur Óskar unnið að stórri bók sem dularfullan sjúkdóm sem lagðist á landsmenn og sér í lagi Norðlendinga um miðja síðustu öld. Hann hefur leitað fanga víða og grúsk hans meðal annars leitt til þess að blóðsýni úr sjúklingum sem talin voru týnd, fundust aftur. Bókin ber heiti sjúkdómsins: *Akureyrarveikin*.

Gunnar Helgason er kunnur gleðigjafi og fáir rithöfundar jafn duglegir að skrifa bækur sem heilla börn og unglunga eins og hann. Hann er af höfuðborgarsvæðinu en þó með ákveðna ættartaug austur á land þar sem hann telst til hinnar alræmdu Skógargærðisættar. Gunnar hefur lengi verið á mála hjá Forlaginu er gefur út nýjustu bók hans sem talar beint inn í umræðu hversdagsins hjá foreldrum og skólafólki. Bókin heitir *Birtingur og símabannið mikla*.

Ása Þorsteinsdóttir er ungur Héraðsbúi og stundar kennaranám. Hún hefur fengist við ljóðlist frá unga aldri og sækir skáldagen í báðar ættir. Ása hefur gefið út ljóð í tímaritum og safnitum, meðal annars með öðrum ungum skáldkonum í Yrkjum. Fyrsta bók hennar, sem Félag ljóðaunnenda á Austurlandi gefur út, ber hið ljóðræna heiti *Hjartað varð eftir*.

Verið hjartanlega velkomin í vefverslunina okkar
www.heradsprent.is

LJÓSMYNDIR / STRIGAMYNDIR / DAGATÖL

SKÍRN / FERMING / BRÚÐKAUP / ÚTFÖR

JÓLAKORT Í ÆÐISLEGU ÚRVALI!

ÞAKKIR TIL HEILBRIGÐISSTARFSMANNA OKKAR HÉR Á DJÚPAVOGI



Oddný Sif, Reynir & Eygló

Mig langar að nota tækifærið í þessu fréttablaði okkar Djúpavogsbúa að skrifa þakkarpestil um það góða fólk sem við erum svo lánsöm að hafa hér í litla þorpinu okkar.

Ég hef oft hugsað með mér, hversu heppin við erum að hafa hér heilbrigðisstarfsfólk á staðnum og í febrúar síðastliðnum fékk ég að kynnst því af eigin raun. Ég fékk hjartaáfall, án nokkurs fyrirvara. Þegar ég hugsa til baka þá er það ekki óttinn sem situr eftir heldur þakklæti. Þakklæti til fólksins hér á Djúpavogi sem standur vaktina dag eftir dag, tilbúið að taka á móti hverju sem er, fyrir hvern sem er.

Við hér á Djúpavogi erum ótrúlega lánsöm. Hér búa og starfa lækur, hjúkrunarfræðingur og lyfjatæknir, fólk sem kann sitt fag, sýnir ró, yfirvegun og hlýju þegar á reynir. Þau tóku á móti mér af fagmennsku og öryggi sem ég gleymi aldrei og það er engin tilviljun að ég er hér í dag að skrifa þetta.

Mig langar einnig að nefna sjúkraflutningafólkið okkar. Þeir standa sína vakt, reiðubúnir að bregðast við á augabragði og leggja allt annað til hliðar.

Það er ekki sjálfsagt að búa við svona góða þjónustu á landsbyggðinni. Að hafa fólk sem býr hér á staðnum og vinnur í aðstæðum þar sem hver sekúnda getur skipt máli. Þau eru ómetanlegur hluti af samfélaginu og við eigum að vera stolt af þeim, þakka þeim og styðja þau.

Ég geri það hér með af öllu hjarta. Takk fyrir að bjarga lífi mínu, takk fyrir að vera til staðar og takk fyrir að gera Djúpavog að betri og öruggari stað.

Jólaþakki,

Reynir Arnórsson





Ports of Múlaþing

Gledileg jól

Hafnir Múlaþings þakka samstarfið á árinu sem er að líða og óska landsmönnum öllum og samstarfsaðilum hafnanna farsæls komandi ár

Með jólakveðju,
Dagmar Ýr, Rúnar, Eiður, Stefán,
Alda Marin og Alla Borgþórs



FRÁ MENNTASKÓLANEMA

Nýtt upphaf á Akureyri – Lífið og námið í MA

Í haust hóf ég nám á félagsfræðibraut í Menntaskólanum á Akureyri. Það var stór ákvörðun að yfirgefa kunnulegt umhverfi og hefja nám á nýjum stað. Sérstaklega þar sem ég var sú eina af bekkjarsystkinum mínum í Djúpvogsskóla sem fór frá Austurlandi í menntaskóla. Ég flutti norður til Akureyrar með fjölskyldunni minni í haust og vissi í raun ekki alveg hvað beið mín. Breytingin var rosalega stór „nýr staður, nýr skóli, nýtt fólk“ en hún hefur reynst miklu jákvæðari en ég gat ímyndað mér.

Fyrstu skrefin inn í MA reyndust ekki bara upphaf að nýju námi, heldur líka upphaf að nýju samfélagi, nýjum vinum og nýjum draumum. Í MA hef ég fundið bæði ögrandi og spennandi nám ásamt kraftmiklu samfélagi sem tekur nýnemum opnum örmum.

Ég valdi félagsfræðibraut og finnst mér námið vera fjölbreytt og krefjandi á þann hátt sem maður þarf á unglingsárunum: Það hvetur mann til að spyrja, efast, ræða og læra að setja hlutina í stærra samhengi.

Kennararnir á brautinni nálgast efnið af innlifun og virðast hafa óbilandi áhuga á því að nemendur skilji ekki bara efnið heldur læri líka að sjá heiminn með gagnrýnum augum. Verkefni eru fjölbreytt – allt frá vettvangsheimsóknum til skapandi hópverkefna og umræðutíma þar sem allir fá rödd. Það er líka valdeflandi að finna hversu mikil áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu og frumkvæði; það styrkir mann og gerir mann tilbúinn fyrir það sem bíður eftir framhaldsskólánámið.

Það er ekki sjálfgefið að líða vel strax í nýjum skóla, en MA hefur sérstakt umhverfi sem lætur mann fljótt finna að námsumhverfið skiptir miklu máli – hlýlegt, hvetjandi og skipulagt á þann hátt að maður getur tekið stór skref án þess að hræðast að reyna.

Það sem stendur þó upp úr í upplifun minni af MA er félagslífið. Það er ótrúlega fjölbreytt, líflegt og skapar fallett jafnvægi við námið. Innan skólans eru ótal hópar, viðburðir og hefðir sem gera hverja viku lifandi og skemmtilega. Hvort sem um er að ræða stórar uppákomur á vegum nemendafélagsins, party, keppnir eða einfaldlega kaffipásur í löngu frímínútunum í KVOS, þá er alltaf eitthvað að gerast. Það er ótrúleg tilfinning að ganga inn í skólastofuna eða matsalinn og vita að þar bíður manns fólk sem er tilbúið að hlæja, spjalla og styðja mann í gegnum daginn. Ég hef eignast marga frábæra vini á stuttum tíma og finn sterkt fyrir því hversu mikil samheldni ríkir meðal nemenda og hvað andrúmsloftið er hlýlegt. Þar kemur bekkjakerfi MA sennilega sterkt inn, það ýtir hópum saman og styrkir tengsl nemenda.

Ég hlakka til þess að taka næstu skref í náminu. Menntaskólinn á Akureyri hefur nú þegar sýnt mér hversu mörg tækifæri felast í því að stíga út fyrir þægindarammann og byrja nýtt líf á nýjum stað – og ég gæti ekki verið ánægðari með þá ákvörðun að fara alla leið á Akureyri til að hefja menntaskólagöngu mína.

Að byrja í MA hefur kennt mér að breytingar, jafnvel þær sem virðast stórar og ógnvekjandi, geta leitt til þess besta. Ég hef fundið nýja rúttinu sem hentar mér, ný áhugamál og nýjar áskoranir sem ég hlakka til að takast á við. Menntaskólinn á Akureyri hefur þegar orðið staður þar sem ég get vaxið – bæði fræðilega og persónulega.

Ég horfi björtum augum til framhaldsins og veit að árin í MA verða bæði lærdómsrík og fjölbreytt. Að flytja norður hefur reynst ein besta ákvörðun sem ég hef tekið, og ég veit nú þegar að þegar ég horfi til baka síðar þá munu menntaskólaárin mín í MA standa upp úr sem einstakur og ógleymanlegur tími.

Andrea Hanna Guðjónsdóttir



**Á BAKSÍÐU BLAÐSINS ER AÐ FINNA
SKEMMTILEGT SAMVERUDAGATAL
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**

3. desember

- Rauðakrossbúðin opin 17:00 – 18:00
- Jólhlaðborð Tryggvabúðar í Löngubúð kl. 19:00

4. desember

- Leikskólabörn fara í heitt kakó og vöflur í Löngubúð á skólatíma. Starfsmenn og börn eiga saman jólalega stund.

6. desember

- Fjölskyldusamvera með jólapema úti í náttúrunni, með foreldrafélagi Bjarkatúns kl.11.
- Opið í flösku- og dósamóttökunni Vogalandi 3 kl.11-13.

7. desember - Annar sunnudagur í aðventu -

- Guðspjónusta í Berufjarðarkirkju. Kór Djúpavogskirkju leiðir söng. Organisti Kristján Ingimarsson. Prestur Arnaldur Bárðarson.
- Jólabingó Neista á Hótel Framtíð. Barnabingó kl.14. Fullorðinsbingó kl. 20.
- Kökuhlaðborð í Löngubúð
- Jólatrésala Skógræktarfélagsins úr skógræktinni kl. 13:00 – 14:00. Verðum í Búrfellslundi. Heitt kakó og með því

10. desember

- Rauðakrossbúðin opin 17:00 – 18:00
- Aðventusamkoma í Djúpavogskirkju kl. 18:00.

12. desember

- Foreldrakaffi í Leikskólanum Bjarkatúni milli kl.15-16

13. desember

- Lokahóf Neista kl.17 á Hótel Framtíð

14. desember

- Jólaguðspjall í fjárhúsi kl. 14:00. Samvera fyrir börn og fullorðna í fjár- og geitahúsinu í Heydölum. Heyrum góða frásögn. Léttar veitingar og spjall við dýrin. Allir velkomnir.

16. desember

- Jólaball leikskólans

Jóladagskrá á Djúpavogi og nágrenni

18. desember

- Jól í félagsmiðstöðinni Zion. 4. – 6. bekkur kl. 17 – 18:30 og 7.-10. bekkur 19:30 – 22:00. Jóla kósýstund, jólamynd og notalegheit í Zion.

19. desember

- Kósýdagur í leikskólanum. Nemendur mega koma í kósýgalla og með einn Bangsa. Börnin gera sína eigin pizzu í hádegismat.
- Stofujól í Djúpavogsskóla

20. desember

- Bakkabúð opin kl. 16-18.

21. desember

- Síðasti dagur til að sækja um menningarstyrk Múlapings
- Bakkabúð opin kl. 16-18.

22. desember

- Skötuveisla Löngubúð

23. desember - Þorláksmessa -

- Bakkabúð með Þorláksmessuopnun kl. 16-20
- Þorláksmessuopnun í Vínbúðinni kl.14-18.

24. desember - Aðfangadagur jóla -

- Aftansöngur í Djúpavogskirkju kl. 17.00. Kór Djúpavogskirkju leiðir söng. Organisti Kristján Ingimarsson. Prestur Arnaldur Bárðarson.

28. desember

- Guðsþjónusta í Hofskirkju í Álftafirði kl. 14:00. Kór Djúpavogskirkju leiðir söng. Organisti Kristján Ingimarsson. Prestur Arnaldur Bárðarson.

30. desember

- Hátíðaropnun í Vínbúðinni kl.16 - 18.
- Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru í Sambúð kl. 13:00 – 21:00

31. desember - Gamlársdagur -

- Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru í Sambúð kl. 10:00 – 13:00
- Áramótabrenna og flugeldasýning á Hermannastekjum kl. 17:00.

*Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar

FRÁ GÖMLU KIRKJUNNI



Það er óhætt að segja að síðastliðið ár hafi verið viðburðaríkt í Gömlu kirkjunni en það var bara í nóvemberlok í fyrra sem Hollvinasamtökunum var mörkuð ný stefna.

Flest þekkja nú sennilega framhaldið og hafa átt með okkur góðar stundir við að einangra, sötra kaffi eða yfir dýrindis kræsingum.

Viðtökurnar í samfélaginu hafa verið ótrúlegar. Húsið fylltist hvað eftir annað af iðnum höndum og smátt og smátt fór að hlýna innandyra. Þá er óhætt að segja að enginn hafi fundið fyrir hungri á meðan á vinnunni stóð en fjöldinn allur af fyrirtækjum og einstaklingum styrkti okkur með veitingum. Við sendum ykkur öllum okkar innilegustu þakkir fyrir stuðninginn í hverju því formi sem hann barst okkur. Fyrir matarframlög, fjárframlög og síðast en ekki síst félagsskapinn!

Takmarkinu var svo náð í tæka tíð fyrir Hammondhátíð þegar við blésum til uppskerufögnuðar á síðasta vetrardegi. Það var sérlega ánægjulegt að vígja nýju fánastöngina okkar í glampandi sól þegar gestir þyrptust að úr öllum áttum.

Þó við segjum sjálf frá var fögnuðurinn einkar glæsilegur með lifandi tónlist, veitingum og listaverkasýningu eins og sönnu menningarhúsi sæmir. Gamla ljósakrónan hafði hlotið yfirhalningu og var tendruð með viðhöfn. Þar skrifuðu svo Hollvinasamtökin undir viljayfirlýsingu þess efnis að þau tækju við húsinu sem er afskaplega gleðilegt og við vonum að samfélagið allt sé sama sinnis. Í kjölfarið hófst svo Hammondhátíð með sinni sífellt stækkandi utandagskrá. Þar lét Gamla kirkjan ekki sitt eftir liggja og stimplaði sig inn með meðal annars morgunkaffi, mandölugerð, blöðrudýrum og listaverkauppboði. Hið síðastnefnda kom skemmtilega á óvart og skapaði heilmiklar tekjur fyrir endurbótasjóðinn sem á eftir að koma að góðum notum. Sumarið var svo með rólegra móti en þó stóðu dyrnar opnar á stærstu skipadögnum þar sem gestum og gangandi gafst tækifæri til að versla handverk og fá sér kaffibolla.

Samtalið við Múlaping er nú vel á veg komið og útlit fyrir að við fáum húsið formlega afhent eftir áramót. Fram að því höfum við haldið nokkra viðburði til fjáröflunar fyrir endurbótasjóðinn en auk þess hefur húsið líka verið nýtt sem samkomuhús fyrir allslags viðburði. Við vonumst til þess að geta farið að halda áfram með endurbæturnar fljótlega og boða til fleiri vinnudaga eins og í byrjun árs. Þá erum við með allskonar skemmtilega viðburði og námskeið í pípunum og teljum niður dagana í næstu Hammondhátíð þar sem kirkjan stefnir aftur á að vera virkur þátttakandi í utandagskránni.

Síðasti fyrirhugaði viðburður Gömlu kirkjunnar þetta árið verður Þorláksmessusöngstund, líkt og í fyrra.

Stjórn Hollvinasamtakanna óskar ykkur gleðilegra jóla með kærum þökkum fyrir þetta ótrúlega ár sem er að líða. Við hlökkum til komandi stunda með ykkur á nýju ári.

Stjórn Hollvinasamtaka Gömlu kirkjunnar á Djúpavogi

FRÁ MEISTARAFLOKKI NEISTA



Lið Neista í meistaraflokki karla tók þátt í Íslandsmóttinu í knattspyrnu síðastliðið sumar í fyrsta skipti frá árinu 2007. Æft var af kappi síðasta vetur og um vorið tók Jens Albertsson að sér þjálfun liðsins og var Davíð Örn Sigurðarsson honum til aðstoðar. Við erum stoltir að hafa lið aftur í deildarkeppni sem var að mestu skipað heimamönnum. Mikil eftirvænting var fyrir fyrsta leik sem átti að fara fram á Djúpavogsvelli þann 23. maí en vegna úrhellisrigningar var völlurinn óleikhæfur og því var fyrsta heimaleik Neista í 18 ár frestað. Fyrsti leikur liðsins fór því fram á Akureyri þann 29. maí þegar liðið spilaði gegn Hömrnunum. Nokkrum dögum síðar kom BN á Djúpavog og þá var hægt að spila fyrsta heimaleikinn. Leikurinn vannst og mikil stemming skapaðist í kringum liðið sem hélst út allt sumarið. Einhverjir höfðu orð á

því að þetta væri einmitt það sem knattspyrnan snerist um, liðsanda, samheldni og gleði en áhuginn og gleðin smitar niður í alla yngri flokka og eykur áhuga þeirra sem erfa skulu liðið. Sumarið endaði á heimaleik gegn Einherja á Djúpavogsvelli og var tímabilið kvatt með sigri. Liðið endaði í fimmta sæti af sjö liðum og voru menn sáttir með árangurinn, enda töluverð áskorun fyrir reynslulitla leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í Íslandsmóti. Þess má geta að meðalaldur byrjunarliðsins í síðasta leik sumarsins var 19 ár sem er með því lægsta sem sést hefur í Íslandsmóti meistaraflokks og mögulega Íslandsmet. Umgjörðin liðsins var glæsileg í sumar og höfðu aðkomulið sérstaklega orð á því hvað umgjörðin væri góð og áhorfendur vel með á nótunum. Stuðningsfólk Neista á sérstakar þakkar og hrós skilið fyrir að styðja við bakið á liðinu en sá stuðningur er ómetanlegur. Þá vill meistaraflokkurinn einnig koma á framfæri þökkum til styrktaraðila liðsins, án þeirra væri þetta ekki hægt. Nú þegar hefur liðið verið skráð til leiks næsta tímabil og Jens og Davíð munu halda áfram með liðið. Leikmenn eru fullir tilhlökkunnar og ætla sér að mæta vel æfðir og vel gíraðir til leiks.

Sjáumst á vellinum næsta sumar!

Fyrir hönd meistaraflokks, Davíð og Kristján.

Viðreisn í Múlapingi óskar þér og þínum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

Um leið viljum við vekja athygli á því að á nýju ári verðum við á ferðinni. Við viljum hitta íbúa og heyra hvað þeim liggur á hjarta. Við munum auglýsa þá viðburði nánar síðar.

Ef þig langar að koma einhverju á framfæri til okkar, taka þátt í málefnavarfinu eða jafnvel taka sæti á lista þá viljum við endilega heyra í þér!

Sendu okkur línu á mulahting@vidreisn.is



FRÁ HEIMASTJÓRN DJÚPAVOGS



Heimastjórn hélt seinni íbúafund ársins á Hótel Framtíð þann 13. nóvember. Að vanda var mæting góð, eða um 40 manns og umræður góðar.

Á fundinum var farið yfir tíu ára fjárfestingaáætlun Múlaþings og helstu framkvæmdir frá sameiningu. Gert er ráð fyrir tæplega 450 milljóna króna fjárfestingu á Djúpavogi fram til ársins 2035, en inni í þeirri tölu eru hvorki fjárfestingar HEF veitna né gatnagerð.

Einnig var farið yfir starfsemi hafnarinnar og fyrirhugaðar áætlanir um uppbyggingu þar. Í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum upp á um 1.400 milljónir, gangi allar áætlanir upp. Þó er ljóst að fjárfestingar hafna Múlaþings þurfa að taka mið af samgönguáætlun og framlögum úr hafnbótasjóði á hverjum tíma.

Heimastjórn fundar að jafnaði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, en er með undirbúningsfund á mánudeginum. Hægt er að sjá allar fundargerðirnar inni á vef Múlaþings, en þeim er deilt inn á íbúahóp heimastjórnar á Facebook eftir hvern fund til að vekja athygli íbúa á því að fundargerðin sé komin inn. Sem fyrr er hægt að nálgast yfirlit yfir stöðu verkefna sem hafa komið á borð heimastjórnar frá sameiningu og feril þeirra efst í íbúahópnum.

Nýja aðalskipulagið

Fyrir liggur tillaga að nýju aðalskipulagi Múlaþings 2025-2045. Er tillagan nú til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun og fer að því loknu í auglýsingu eins og sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 15. október.

Framkvæmdir

Þó nokkrar framkvæmdir voru í gangi á árinu og eru eftirfarandi þær helstu:

Heitt vatn

Þegar þetta er skrifað er verið að bora mælingarholu inn á Hálsströnd. Vonir standa til þess að hægt verði að staðsetja heita vatnið eftir að því lýkur. Unnið er að hönnun á lagnaleið frá hitasvæðinu að þéttbýlinu og eru uppi áætlanir um að nýta það vatn sem fyrir er í Íþróttamiðstöð Djúpavogs ef ekkert meira finnst. Vonandi finnst þó meira magn svo hægt verði að hitaveituvæða allt þorpið.

Gatnaframkvæmdir og gangstéttir

Gatnaframkvæmdir hafa verið á bið vegna heitavatsleitarinnar, en nú er stefnt að því að endurbyggja eina götu (Markaland eða Hammersminni) á komandi sumri, ásamt því að leggja malbik á nýjasta hluta Borgarlands.

Klárað var að leggja gangstétt ofan Löngubúðar og er nú samfelld gangstétt frá „miðbænum“, alla leið inn í Gleðivík. Einnig var klárað gangstétt við Eyjaland framan við gömlu heimavistina.

Ljósleiðari og þrífösun

Lagning ljósleiðara í þéttbýlinu á Djúpavogi gengur vel, en gert er ráð fyrir að því verkefni ljúki næsta sumar.

Búið er að tengja allan Berufjörðinn með þriggja fasa rafmagni og ljósleiðaravæðingin á lokametrinum. Áætlanir Rarik gera ráð fyrir því að farið verði í þrífösun í Álftafirði 2027.

Íþróttasvæðið í Blánni

Tilraunir voru gerðar til að þurrka „þríhyrninginn“ með drenlagn sem gáfu ekki nógu góða raun. Nú er verið að skoða hvað sé hægt að gera frekar til að tryggja að svæðið sé ekki umflotið vatni í bleytuíð.

Neistavöllurinn fékk mun meiri umhirðu og viðhald í sumar, enda Neisti með meistaraflokkslið í knattspyrnu í fyrsta skipti í 18 ár. Völlurinn er í mjög góðu standi og knattspyrnumenn sammála um að mjög gott sé að spila á honum.

Ljósleiðari og þrífösun

Lagning ljósleiðara í þéttbýlinu á Djúpavogi gengur vel, en gert er ráð fyrir að því verkefni ljúki næsta sumar.

Búið er að tengja allan Berufjörðinn með þriggja fasa rafmagni og ljósleiðaravæðingin á lokametrinum. Áætlanir Rarik gera ráð fyrir því að farið verði í þrífösun í Álftafirði 2027.

Íþróttasvæðið í Blánni

Tilraunir voru gerðar til að þurrka „þríhyrninginn“ með drenlögnum sem gáfu ekki nógu góða raun. Nú er verið að skoða hvað sé hægt að gera frekar til að tryggja að svæðið sé ekki umflotið vatni í bleytutíð.

Neistavöllurinn fékk mun meiri umhirðu og viðhald í sumar, enda Neisti með meistaraflokkslið í knattspyrnu í fyrsta skipti í 18 ár. Völlurinn er í mjög góðu standi og knattspyrnumenn sammála um að mjög gott sé að spila á honum.

Leik- og grunnskólinn

Stækkun leikskólans er í undirbúningi. Hönnun og forvinna er í gangi og gert er ráð fyrir að vinna við framkvæmdir hefjist á næsta ári. Klárað var að klæða grunnskólann og skipta um þak og á endurbótum utanhúss nú að vera lokið.

Slökkvistöðin

Frágangur á fyrsta áfanga í endurbótum á slökkvistöðinni er á lokametrinum.

Höfnin


Lokið var við endurbýggingu á fiskihöfn. Búið er að ganga frá þekju og lýsingu og er aðstaðan á höfninni öll mun betri eftir endurbæturnar.

Klifid og íþróttamiðstöðin

Í ár var tveggja milljóna króna samfélagsstyrknum veitt í tvö verkefni; lagfæringu á göngustígnum upp Klifid og endurbætur í Íþróttamiðstöð Djúpavogs. Búið er að laga stíginn, en vinna við endurbæturnar í íþróttamiðstöðinni eru í undirbúningi.

Gert er ráð fyrir að setja upp gufubað, infrarauða saunu og kaldan pott. Í það verkefni lögðu Þorablótsnefnd Djúpavogs, Októberfest happdrættið 2024 og Kvenfélagið Vaka fjármuni. Einnig er gert ráð fyrir endurnýjun á þrekkækjum og endurbótum á þreksal.

Eins og gefur að skilja er upptalningin hér að ofan ekki tæmandi. Fjöldmörg smærri verkefni sem að mestu eru unnin af starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar hafa verið í gangi enda fellur þeim sjaldan verk úr hendi. Má meðal annars geta þess að búið er að LED-væða stóran part af lýsingu innanbæjar og margt fleira.



Gleðilega hátíð



Sendum íbúum Múlaþings, Austurlands og landsins alls okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á líðandi ári.

FORSETI SVEITASTJÓRNAR



Erum við þá núna sameinuð sem eitt sveitarfélag?

Á aðventunni er einkar gott að staldra við, líta yfir árið sem er að líða og velta fyrir sér hvar við stöndum, hvað við höfum lært og hvert við stefnum. Undanfarið hefur mér verið hugleikið hvernig sveitarfélagið okkar hefur þróast frá sameiningunni í september 2020.

Sameining Múlapings var stór ákvörðun, byggð á þeirri trú að við stæðum sterkari saman en í sitt hvoru lagi. Síðustu ár hafa kennt okkur margt og sveitarfélagið tekið breytingum enda vitum við að rekstur og þjónusta sveitarfélags er lifandi ferli sem þarf svigrúm og tækifæri til að þróast.

Heimastjórnir eru að reynast okkur vel, þær skipta okkur, sem og íbúa, máli og tengja okkur öll betur saman. Íbúafundir eru ein besta birtingarmyndin um mikilvægi heimastjórnanna. Þar fáum við tækifæri til að miðla upplýsingum, ræða opinskátt og heyra frá íbúum hvað betur má fara. Heimastjórnin á Djúpavogi hefur staðið sig vel, haldið utan um þau mál sem eru samfélaginu

hugleikin og mikilvæg og hafa þau verið dugleg að koma upplýsingum á framfæri við íbúa.

En við skulum tala í hreinskilni. Ég segi fyrir mitt leyti, að sveitarfélagið á í stormasömu sambandi við ríkisvaldið. Við erum háð ákvörðunum ríkisvaldsins í mörgum lykilmálum sem skipta okkur sköpum. Þegar litið er á verkefnalista ríkisstjórnarinnar á komandi þingvetri eru nokkur mál sem munu hafa veruleg áhrif á okkur. Þar má nefna tvö frumvörp sem gætu haft jákvæð áhrif á tekjur sveitarfélagsins. Annars vegar afnám undanþágu á fasteignaskatti orkumannvirkja og hins vegar frumvarp um lagareldi. Þar vonumst við til að Fiskeldissjóður verði lagður niður og að tekjur sveitarfélagsins aukist. Þrátt fyrir óvissuna og vonir okkar um auknar tekjur tel ég fjárfestingaáætlun Múlapings metnaðarfulla. Með því að fylgja henni eftir af festu munum við á næsta kjörtímabili ná stórum áföngum í uppbyggingu leik- og grunnskólahúsnæðis.

Við í sveitarstjórn erum vakin og sofin yfir stóru innviða framkvæmdum ríkisins sem okkar sveitarfélag þarfnast sárlega. Við nýtum hvert færi til að koma mikilvægi nýs Axarvegar á framfæri og verður mikill þungi settur í umsögn við komandi samgönguáætlun. Óhætt er að segja að samgönguáætlun sé það allra mikilvægasta skjal sem mun koma fram þennan veturinn.

Eftir situr vangaveltan, erum við þá að upplifa okkur sem heild? Erum við sameinuð? Ef við horfum til starfseminnar og þjónustu sveitarfélagsins tel ég svarið vera já. Þar vinnum við orðið sem eitt. En ef við horfum til stóru myndarinnar er svarið líklega nei. Lykilforsendur sameinaðs sveitarfélags eru öruggar og áreiðanlegar samgöngur á milli byggðarlaga. Án nýs Axarvegar verður sú heildarmynd aldrei. Ríkið þarf að standa við gefin loforð, leggja fram og samþykkja nauðsynleg frumvörp og tryggja að þessi lífæð sveitarfélagsins verði loks að veruleika.

Sameining er ekki atburður, hún er þróun og ferill samverkandi þátta og þátttakenda. Ferill sem krefst þess að ríkið sé með okkur í liði. Þrátt fyrir stormasamt og á köflum erfitt samband við ríkisvaldið hef ég trú á okkur sem sameinuðu sveitarfélagi.

Sameining snýst um að styrkja grunninn, bæta innviði, tryggja skilvirka þjónustu og skapa raunhæfan rekstrargrundvöll til framtíðar. Það er engin byggð sem tapar á slíkum markmiðum, en þeim náum við ekki nema ríkið standi með okkur. Ég trúi því að með áframhaldandi samstöðu, skýrri framtíðarsýn og ríkulegu frumkvæði íbúa munum við ná þeim árangri sem við sóttumst eftir þegar sameiningin var samþykkt.

Mínar bestu hátíðarkveðjur til ykkar allra

Jónína Brynjólfsdóttir

Forseti sveitarstjórnar Múlapings



**BÓNDAVARDAN ÓSKAR LESENDUM
SÍNUM GLEÐILEGRA JÓLA &
FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI**

ÓLAFUR ÁKI - FERÐASÖGUR

Gengið um Víknaslóðir

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs heldur úti áhugaverðum gönguferðum um landið okkar á hverju ári. Síðastliðið sumar var skipulögð ferð um Víknaslóðir undir leiðsögn Bjarnheiðar Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra félagsins. Ferðin var í alla staði vel skipulögð, um svæði sem bíður upp á fallega náttúru og mikla sögu. Gangan tók fjóra daga og hófst á Borgarfirði eystra og gengið var um vikur svo sem Breiðavík, Brúnavík og Húsavík. Víknaslóðir er stórbrotin ganga um firði og vikur sem er þess eðlis að það svíkur engan göngumanninn. Í þessari ferð, sem voru fjórir göngudagar, var skoðað það helsta sem svæðið býður upp á. Það má segja að sérstaða svæðisins mæli með því að koma aftur og heimsækja ýmsa staði sem óhjákvæmilega voru skildir eftir. Gist var í skálum sem Ferðafélag Fljótsdalshérað hefur umsjón með, þar er allur aðbúnaður til miklar fyrirmyndar.

Pegar við nálgumst Breiðuvík var töluvert vatn í á sem rennur um svæðið. Við vorum þrjú saman sem ákváðum að fara niður undir sjávarkambinn og freista þess að komast þar yfir, án þess að blotna í fætur og sleppa við að fara í vaðskó.

Pegar við nálgumst sjávarkambinn fann ferðafélagi okkar, Sesselja Bjarnadóttir, spýtu sem greinilega hafði verið mótuð af mannavöldum sem líktist bát, þar sem hann lá á hvolfi. Ferðafélagar mínir, þær Sesselja Bjarnadóttir og Bjarnheiður Kristinsdóttir, voru sannfærðar um að þetta væri merkilegur gripur sem reyndist rétt. Um er að ræða einn af 500 bátum sem sjósettir voru í vísindatilgangi árið 2022 frá Norðurpólnum.

Það var vísindasafnið ViVite í Björgvin í Noregi sem stóð að verkefninu ásamt samtökunum Float Your Boat. Bátarnir voru sjósettir til að kanna strauma frá Norðurpólnum. Um er að ræða litla trébáta, hálfgerða leikfangabáta sem skreyttir voru skilaboðum frá norskum skólabörnum. Á bátunum er númer þannig hægt var að rekja ferðir hans í gegnum Float Your Boat verkefnið. Af bátunum 500 sem voru sjósettir hafa 24 fundist, þar af sjö á Íslandi, tveir á Austurlandi, fjórir á Vestfjörðum og einn á Norðurlandi. Báturinn sem við fundum var númer #5011



Á Víknaslóðum



Float Your Boat



Víknaslóðir

Portúgalska leiðin

Eftir góða ferð með frábæru fólki um Víknaslóðir flaug ég til Kaupmannahafnar og þaðan til Porto í Portúgal. Markmiðið var að ganga frá Porto í Portúgal til Pontevedra á Spáni. Gangan hófst þann 22. ágúst og lauk 31. ágúst eftir 200 km göngu. Gengið var í gegnum tólf bæi og þorp. Camino Portugues hefur notið vinsælda á undanförunum árum vegna nálægðar við fallega Atlantshafið. Hún er nú þriðja vinsælasta Camino leiðin.



Gengið yfir landamæri Portúgal & Spánar



Göngustígur inn í landi



Þorp

Á AÐVENTU 2025



Aðventan er tími eftirvæntingar og vonar. Hún kallar okkur til þess að undirbúa hjörtu og huga fyrir komu Krists. Aðventa er tími til taka á móti ljósi heimsins sem brýst inn í skugga mannlegrar tilveru með geislum friðar og kærleika. Boðskapur jólanna er alltaf nýr og ferskur jafnvel þó veröldin virðist gömul og þreytt og margt sem aflaga fer. Ljósið á alltaf erindi til okkar að mýkja sálina og bæta og fá okkur til að verða aðeins betri hvert við annað.

Á Djúpvaggi, þar sem Búlandstindurinn vakir yfir öllu í allri sinni tign og mikilfengleika, ríkir friður og kærleikur enda langt frá heimsins vígaslóð. Jólaljósin sem koma nú hvarvetna á aðventu eru tákni um það ljós sem Kristur færir ljós sem myrkrið fær ekki yfirunnið. Aðventan kallar okkur til vakningar: til að hægja á, til að leita inn á við, til að láta Guð tala inn í daglegt líf okkar. Hún minnir okkur á að Jesús kom ekki með látum í heiminn, heldur í einfaldleika og auðmýkt. Aðventan er í anda Cittaslow. Það er mikilvægt að kunna að njóta augnabliksins.

Á aðventu minnumst við þess að Guð valdi að verða maður og ganga inn í líf okkar á jörð. Það er ein dýpsta og dýrmætasta speki kristinnar trúar að að himinn og jörð mætast í Jesúbarninu. Jólin minna okkur á að við erum aldrei ein.

Jesús varð maður og tók á sig allar syndir. Hann fór ekki heldur því hann er til staðar fyrir hvern sem kallar nafn hans. Það er loforðið sem ber okkur áfram á öllum tímum, í gleði og sorg, í kyrrð og stormi. Og eins og fólkið á Djúpvaggi stendur saman í myrkri og ljósi, þannig heldur Guð utan um okkur og leiðir okkur áfram skref fyrir skref.

Megir þú á þessari aðventu og jólum finna nærveru Guðs, styrk Krists og frið heilágs anda. Megir þú finna ljósið sem skín í hjartanu og það minna þig á að Jesús er fæddur - fyrir þig - fyrir heiminn og fyrir allt sem lifir.

Blessuð sé aðventan og gleðileg jólin, í Jesú nafni. Amen

Sr. Arnaldur Bárðarson

SPURNINGAKEPPNI MEISTARAFLOKKS NEISTA



Við í Meistaraflokki Neista ætlum að endurvekja spurningakeppni Neista í janúar sem fjáröflun fyrir meistaraflokkinn og hvetjum við alla til að taka þátt

Skráning fer fram í gegnum tölvupóst
davidorn6@gmail.com. Skráningargjald 15.000
Nánari dagsetning auglýst síðar



Skilagjald 22 kr.

Endurvinnnum drykkjarumbúðir



**Opið fyrsta laugardag í mánuði
kl. 11-13**

UNGMENNAFÉLAGIÐ NEISTI ÞAKKAR FYRIR ÁRIÐ

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Neista. Félagið hélt inn í nýja árið með okkar frábæru þjálfurum Viktori, Heklu og Justin sem höfðu tekið að sér þjálfun fyrir Neista snemma haustið 2024. Viktor leiddi fótboltann fyrir Neista og Hekla stýrði frjálsum og sundi. Justin var svo með badminton sem hlaut góðar viðtökur.

Árið var svo sannarlega ekki tíðindalaust en í ár skartaði félagið meistaraflokk Neista í fyrsta skipti í átján ár. Það hefur ekki farið framhjá neinum hér í þorpinu okkar og var meistaraflokkur Neista kærkomin viðbót við félagið og samfélagið okkar hér í heild. Það eru þeir Davíð Sigurðarson og Jens Albertsson sem hafa tekið það að sér að stýra liðinu og hafa þeir lagt sig alla fram við það. Strákarnir okkar í meistaraflokki hafa staðið sig með eindæmum vel og eru þeir flottar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur.

Snemma á árinu hófust svo viðræður Neista við nýjan þjálfara og var það félaginu sannur heiður að fá Helga Ásgeirsson eða Mola til starfa hjá Neista. Moli sem er reyndur knattspyrnuþjálfari hefur svo sannarlega ekki látið sitt eftir liggja. Sumarstarfið fór því hratt og örugglega af stað. Neisti bauð upp á tveggja vikna leikjanámskeið og svo strax í framhaldi var boðið upp á kofabyggð Neista. Á þremur vikum risu því upp glæsilegir kofar sem byggðir voru af ungum og áhugasömum iðkendum undir handleiðslu Mola. Á lokadegi námskeiðsins var svo kofasýning og blásið til grillveislu í Neista.

Neisti í samstarfi við Mola hélt svo úti öflugum knattspyrnustarfi á Neistavelli í allt sumar og þar spilaði líka meistaraflokkur sína heimaleiki og var svo sannarlega frábær mæting á völlinn í sumar. Íþróttasvæðið okkar iðaði því af lífi í allt sumar og fengum við meðal annars góða heimsókn frá Sindra. Í haust fór svo fótboltastarfið af stað af fullum krafti með nýrri æfingatöflu og má svo sannarlega segja að Neisti bjóði upp á öflugt fótboltastarf í vetur. Þá hefur Neisti einnig boðið upp á blakæfingar og hefur Maríaanna tekið það að sér að stýra þeim.

Það hefur svo verið margt annað á döfnni hjá Neista en ásamt meistaraflokki voru einnig settar á laggirnar tvær nýjar deildir hjá Neista, fimleikadeild og bogfímideild. Fimleikadeildin fór af stað í haust og fengum við að prófa okkur áfram í að bjóða æfingar í fimleikum, iðkendum að kostnaðarlausu. Næsta vor stefnum við svo að því að hefja starf í bogfimi og það má því segja að það sé spennandi ár framundan hjá Neista.

Það er ávallt gott að geta litið til baka og þakkað fyrir allt það góða starf sem unnið hefur verið í þágu félagsins og samfélagsins hér á Djúpavogi. Þá vill stjórn Neista og framkvæmdastjóri koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafa styrkt eða stutt við félagið á einn eða annan hátt. Það er dýrmætt að hafa góða bakhjarla og fyrir hönd Neista þökkum við kærlega fyrir stuðninginn.

Takk fyrir árið og megi 2026 vera jafn gott, ef ekki ennþá betra.

Framkvæmdastjóri og stjórn Neista,

Kolbrún Ósk, framkvæmdastjóri.

Helga Rún, Bergþóra, Davíð, Hafdís, Snjólfur og Þuríður, stjórn Neista.



Áramótabrenna

Árið verður kvatt með áramótabrennu og flugeldasýningu á Hermannastekjum kl. 17:00 á gamlársdag.

Gleðjumst saman um áramót



**Yóla
BINGÓ
NEISTA**

SUNNUDAGINN 7. DES
BARNABINGÓ KL. 14:00
FULLORÐINS BINGÓ KL. 20:00

Hótel Framtíð

HÚSNÆÐI LEIKSKÓLANS 20 ÁRA



Þann 22. október 2025 var 20 ára afmæli húsnæðis Leikskólans Bjarkatúns, en við fluttum í húsið 2005.

Í tilefni dagsins buðum við bæjarbúum í vöfflukaffi og höfðum sýningu á hólfamyndum barnanna sem hafa verið í leikskólanum.

Við þökkum öllum komuna. Viðtökurnar voru framar okkar björtustu vonum og allir glaðir með sýninguna okkar.

Bestu kveðjur starfsfólk og börn í Bjarkatúni

HARMONIKUSVEIT DJÚPAVOGS



Harmonikusveit Djúpavogs var stofnuð í desember 2024 með það að markmiði að æfa fyrir Landsmót Sambands Íslenskra Harmonikuunnenda sem haldið yrði á Reyðarfirði í byrjun júlí sumarið 2025. Harmonikusveit Djúpavogs er einnig hluti af Félagi Harmonikuunnenda á Hornafirði og nágrenni eða F.H.U.H. þar sem allir sameinast í Harmonikusveit við hin ýmsu skemmtilegu tækifæri. Þarna er hugsanlega á ferðinni yngsta harmonikusveit landsins þrátt fyrir að sé fyrir fólk á öllum aldri og eru allir harmonikuleikarar velkomnir.

Harmonikusveitin sameinaðist á fyrstu æfingu í Hlöðunni á Bragðavöllum í byrjun desember 2024 og hefur leikið við hvurn sinn fingur, allar götur síðan.

Það var æft af kappi fyrir Landsmót Harmonikuunnenda á Reyðarfirði sem var einstaklega vel lukkað í alla staði og má segja að nýliðasveitin hafi slegið aðeins í gegn með góðum söng- og danslögum úr smíðju Örvars Kristjánssonar. Þar mátti heyra áheyrundur tralla vel með. Harmonikusveitin hefur ekki slegið slöku við síðan, þrátt fyrir að vera í mekka hæglætisins, og hefur komið fram á opnun Gömlu Kirkjunnar á Djúpavogi, Aðalfundi SÍH og Hagyrðingakvöldi á Smyrlabjörgum. Þar lék sameinuð Harmonikusveit F.H.U.H. m.a. hið vel þekktu lag, en lítið heyr á harmonikur, Hallelujah eftir Leonard Cohen, við texta Hrannar Jónsdóttur í Sæbakka, sem var vel viðeigandi í hennar minningu á hátíð Hagyrðinga 1. nóvember 2025.

Harmonikusveitin skelkti sér því næst í jólabúninginn og kemur fram á jólahlaðborði Tryggvabúðar í Löngubúð 2025, auk þess að leika jólalög in í desember þar sem við á og ekki laust við að megi þar heyra hittara frá Boney M.

Allt er þetta til gamans gert og alltaf ánægja að hittast og leika saman.

Ein af framtíðarsýnum Harmonikusveitarinnar er að bjóða upp á létt dansiball í Gömlu Kirkjunni þegar hún verður tilbúin og tilhlökkun að taka þar til hendinni.


Harmonikusveitina skipa: Karl Jónsson, Ólafur Eggertsson, Unnpór Snæbjörnsson, Sigvaldi Þórðarson, Þeba Björt Karlsdóttir, Þórdís Sævarsdóttir auk þeirra Jóns Þórs Fjallabróðurs og Kristins Péturssonar sem leika á léttu strengi og belgi á milli anna. Einnig hafa tónlistarmennirnir Kristján I og Guðmundur Gunnlaugsson lagt Harmonikusveitinni frábært lið við hátíðleg tækifæri.

Þar sem tvær harmonikur koma saman, þar er gaman. Áhugasamir geta sett sig í samband við einhvern harmonikuleikaranna ef áhugi er á nokkrum jólalögum eða harmonikuleik við sérstök tækifæri.



Laugerdaginn 13.
desember
kl. 17:00

Lokahóf NEISTA



VERÐLAUNAÁFHENDING OG
PIZZAHLAÐBORÐ

ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ PAKKA FYRIR ÞAÐ SEM
HEFUR GENGIÐ VEL OG GLEÐJAST SAMAN.

ÞVÍ SKULUM VIÐ ÖLL HITTAST, FAGNA OG EIGA
GÓÐA SAMVERU.



Hótel Samskipti



EININGAKUBBAR

„Einingakubbar er heiti á sérstökum kubbum úr tré. Leikur barnanna með einingakubbana byggist á hugmyndafræði um opinn efnivið. Hönnuður og frumkvöðull kubbana var Caroline Pratt. Markmið Pratt með hönnun trékubba sinna var að þeir ættu að veita börnum ánægju og gefa marga möguleika til sköpunar. Þeir áttu að gefa börnum tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og læra um umheim sinn á eigin forsendum. Lykilorð hennar var sjálfsnám. Kubbarnir eru af mörgum stærðum og gerðum. Þeir eru allir miðaðir út frá svokölluðum einingakubb og eru mismunandi stærðarhlutföll af honum. Hönnun trékubbanna er þannig að þeir bjóða upp á óendanlega marga möguleika í byggingum, og eru námsþættir þeirra margir. Þar má nefna stærðfræði, samfélagsfræði, félags- og tilfinningaþroska, listir og fagurskyn, málþroska, líkamsþroska og vísindi. Sérstakar reglur eru um þessa kubba. Þegar gengið er frá þeim þjálfast börnin í að telja og flokka eftir stærð og lögun og æfa þar með stærðfræði og hugtakaskilning.“

Hér í leikskólanum Bjarkatúni höfum við verið að vinna með einingakubba frá 2005 eða frá því fluttum í núverandi húsnæði. Hér á myndunum má sjá Tjaldana okkar, elstu börnin í leikskólanum, í einingakubbastarfi í nóvember 2025.



Jakub & Hrafninn byggðu fjölnota íþróttahús með sundlaug



Alexa Ýr & Witold byggðu grunnskólann sem þau langar að fara í



Kolbeinn Ylur & Szymon Piotr, þeir byggðu Ísland með helstu "borgum" landsins; Reykjavík, Akureyri, Djúpvaggi & Ísafirði

Bifreiðaviðgerðir

Hjólbarðapjónusta

Smurpjónusta

Hópterðir





BÍLHERJI

Skallanaust ehf.
s: 6813913

Útvegum allar gerðir varahluta

Alternatorar

Bremsuklossar

Bremsudiskar

Demparar

Hjólategur

Hjöruliðir

Perur

Pústkerli

spindlíkötur

Stýrisendar

Boltar

Rær

Skrútur

Kitti

Oliuvörur

Verklæri



SKANNIÐ ÞENNA KÚÐA OG
FINNIÐ FACEBOOK-SÍÐU
TRYGGVABÚÐAR



TRYGGVABUÐ

ÞAKKAR ÁNÆGJULEGAR SAMVERUSTUNDIR

Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

Kynnið ykkur fjölbreytt starf
Tryggvabúðar fyrir fólk á besta aldri!



Snyrtistöfa Jónínu
óskar lesendum gleðilegra jóla
& þakkar viðskiptin á árinu



KEM 11. & 12. DESEMBER
MÆTI ALLTAF Á 6 VIKNA FRESTI

AÐSTAÐA HJÁ VILLA BEN

Bókið í síma 897-5632 eða á
messenger

Fylgist með á viðburðir á

Djúpavogi & nágrenni á facebook

Jólatré - Jólatré - Jólatré

Sunnudaginn 7. desember 2025, frá kl. 13:00 – 14:00

verða seld jólatré úr skógræktinni.

Farið er á bílastæðið við Hálsaskóg og fólk getur valið sér tré.

Komið með eigin sög ef þið viljið saga sjálf. Verð kr. 4.000.-

Verðum í Búrfellslundi

Heitt kakó og með því

Sjáumst hress

Skógræktarfélag Djúpavogs

HRÖNN JÓNSDÓTTIR - MINNING



Hrönn & Guðmundur



Undirspil Austurland



Undirspil Hallelúja

Djúpavogsbúinn, skáldið, bókahöfundurinn og lífskúntnerinn Hrönn Jónsdóttir er fallin frá. Menningin á Djúpavogi á henni margt að þakka og blómstraði fjölmargt í höndum hennar. Bóndavarðan var þar ekki undanskilin og getur ritstjóri blaðsins síðustu ár nefnt ófá skiptin þar sem leitað var á náðir hennar eftir efni og greinum í blaðið. Þar brást Hrönn aldrei og deildi með lesendum skemmtilegum, fróðlegum og gagnlegum skrifum sem munu lifa áfram eftir hennar daga.

Bóndavarðan birtir hér lagatexta eftir Hrönn Jónsdóttur við heimsþekktu lögin *Take Me Home*, *Country Roads* og *Hallelujah*. Fólk er hvatt til að skanna QR kóðana til að fá undirspil og syngja með lögunum fallegu textana hennar.

Takk fyrir allt Hrönn í Sæbakka.

Hallelúja

Texti: Hrönn Jónsdóttir
Lag: *Hallelujah* eftir Leonard Cohen

Er Davíð sat í sælli ró.
Hann söng og undir hörpu sló,
til himins leið hið ljúfa Hallelúja.
Í sátt með sína sauðahjörð
hann samdi í ljóði þakkargjörð,
til himins leið hið ljúfa Hallelúja.

Hallelúja... Hallelúja....

Á öðrum stað var önnur hjörð
auðn og myrkri hér á jörð,
er hljómaði frá himnum Hallelúja.
Með englaröddum allt í kring
þar ómaði sú tilkynning
að frelsari var fæddur hallelúja.

Hallelúja... Hallelúja..... ..

Hve myrkt er oft í heimi hér
og hjörðin týnda langt frá þér,
sem lætur til vor hljóma Hallelúja.
Þú sendir okkur líf og ljós
þótt lítið fáir þökk og hrós,
er hættum við að hrópa Hallelúja.

Hallelúja... Hallelúja...

Er lokaferð við leggjum í,
til ljóssins heim til þín á ný
oss fagnað er á himni Hallelúja.
Við undirtökum einum róm
í englakór með helgidóm,
þá loks við getum hrópað Hallelúja

Hallelúja... Hallelúja...

Austurland

Texti: Hrönn Jónsdóttir.
Lag: *Take Me Home*, *Country Roads* eftir
Bill Danoff, Taffy Nivert og John Denver.

Margar fer ég ferðaleiðir
finnast víða vegir undragreiðir.
Undir sólu sit á páлмаströnd
samt mig ætíð toga einhver tryggðabönd.

Austurland ann ég þér, alla tíð verð ég hér,
fjöllin háu fagurbláu, fylgja mér, hvert sem ég fer.

Þótt ég hjóti frægð og frama
fullar hendur af gulli mér er sama.
Í glæsihöllum glói vín á skál
Geymist mynd þín innst í minni sál.

Austurland ann ég þér, alla tíð verð ég hér,
fjöllin háu fagurbláu, fylgja mér, hvert sem ég fer.

Í bláum fjarska er sem eitthvað á mig kalli
Í órafjarlægð berast þessar raddir til mín
Mig grípur fögnuður hve gott er heim aftur að halda
heim til þín, heim til þín.

Austurland ann ég þér, alla tíð verð ég hér,
fjöllin háu fagurbláu, fylgja mér, hvert sem ég fer.

Austurland ann ég þér, alla tíð verð ég hér,
fjöllin háu fagurbláu, fylgja mér, hvert sem ég fer.
Fylgja mér, hvert sem ég fer.
Fylgja mér, hvert sem ég fer.

JÓLASVEINAR LEIKSKÓLABARNANNA

Börnin í Leikskólanum Bjarkatúni hafa teiknað sína jólasveina í list að undanfögnu. Hér kynna þau til leiks 18 nýja sveina.



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Skræveinn**

Þessi elskar að geta snjókast til við hljóða á hellinum sem hann á heima inni. Hann langar vesulega mikið í leslabraut (jólajöf). Hann elskar að borða gæs og lunda.

KRISTJÁN
40 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Lull** jólasveinn. Hann kann að ulda og hann elskar að elda pizza handa mömmu sinni og pabba. Hann kann sko líka að elda kamboga, farskar og Pálar. Hann finnst þússa betri en pizza. Hann vörir mikið glöður að fá jólapakka með logo íbúðum síni.

KOLBEINN YLUR
58 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Jalabjólásveinn**. Hann elskar nammi og að borða baka nammi og gefur nammi í jólapakka.

JAKUÐ
510 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Snjólá**. Hann fljögur upp í loft í sleðanum sínum. Hann elskar smá, sko nammi smá. Hann þarf að fá bleika gróðu (jólajöf frá pabba og mömmu sinni).

MARGRÉT ÞÓRUNNÞÓRG
31 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Rauðsveinn**. Hann finnst best að gefa mér pakka. Hann borðar snjó, kjöt og kjötsúpu, þá er það búið.

OLIVIA MEY
37 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Flummsveinn**. Hann finnst skemmtilegast að taka til upp á fjallinu sínu. Hann elskar að borða lausur og kartöflur.

Hann vill fá kartöflur í jólajöf.
RAGNEY JARA
48 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Ninjagoveinn**, hann gefur allum pakka, líka kóngul. Rjúginnur, ég elska sveiðis og hann líka. Í jólapakka fær hann ninjago pakka með ninjago doti.

RÖKVI ATLAS
38 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Oliveisveinn**. Hann elskar Pakka og hann elskar að borða piparsúkkur í levdinninum. Hann vill kannski fá semibænt í jólapakkanum og þá getur hann farið út að renna.

SZYMON PIOTR
59 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir... ég veit ekki hvað hann heitir. Hann elskar að keyra samgöngubílum mínum í snjó. Kannski vill hann fá risadulur eða legghál í jólajöf.

WITOLD
5 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Horfasveinn**, hann elskar að fara niður slökkiðísaríu. Hann elskar líka mjög mikið hækki og spagetti. Það er alveg dásamlegt gott. Hann vill fá sig eða kannski slattavél í jólagjöf.

ALDAN MANI
10 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Snejó**, Snejó vantar réttu réttu þött og kannski líta stóra veisluveitibútt sem endar efan í heila þettinum. Hann elskar kolur, jólaköku og samlök og pizzu. Hann elskar mest í heimi að fara í leikskólinn og létta alla leiklona og svo elskar hann líka að spila snjólús í snjónum.

ALEXA IRMÝ
510 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Litljólasveinn**, hann datt á hanaínn og meiddi sig. Hann elskar enjó. Hann langar ókús í jólagjöf, bláket húis.

ERLE AMANI
31 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann er **Þingjósveinn**, hann hlupur upp á fjall. Hann elskar að borða snjó. Hann vill fá jólatré í jólagjöf.

FELIKS LEONARD
44 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Þingjósveinn**. Hann vill leika með Rekkvi og Feliks alla daga. Hann elskar að borða fisk. Hann langar í Þingjós legu eða rafmagnsbíl í jólagjöf.

FRANCISZEK
32 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Snejóðsveinn**. Hann veit ekki hvað hann gerir. Hann elskar dótabil, nei djóla. Hann elskar snjólús.

Hann vill fá epli og mjólk í jólagjöf.
HAUKUR INGI
41 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Íris** jólasveinastelpa. Minn er sko jólaselpa sem heitir Íris, alveg eins og Íris sem Éinnar bróðir minn á. Uppáhalds matuáinn kemur er Mlakar-ómgættur og hann langar mikið í veisluveit í jólagjöf held ég.

HRAFNTINNA YR
55 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **Þúlasveinn**. Minn elskar að mala á blá. Minn elskar að borða jólasveinastelpu, það er sko til svefleiða í bláðinni, ég sé það. Hann langar órygglega í málningu til að mala með í jólagjöf.

IRIS
46 ÁRA



JÓLASVEINNINN MINN

Hann heitir **JólaJólasveinn**. Hann er alltaf að passa kóngulur og hann borðar líka kóngulur, kannski nammi kóngulur. Hann ætlar að fá Dót og Dótasömu í jólagjöf.

ÍSÓLD LÓA
32 ÁRA

DESEMBER

Samverudagatal

Mánud.

Þriðjud.

Miðvikud.

Fimmtud.

Föstud.

Laugard.

Sunnud.

1
Setja á
jólátónlist
&
jólaskreyta

2
Lita
jólamyndir

3
Kíkja í
Rauðakross-
búðina &
kaupa
jólagaðafir

4
Læra að
segja
„gleðileg
jól“ á öðru
tungumáli

5
Börnin velja
kvöldmatinn
& aðstoða við
matseld

6
Búa til
fuglamat &
gefa
fuglunum

7
Skella sér í
jólabíngó
og/eða
sækja sér
jólatré

8
Klippa út
snjókörn
& hengja í
gluggana

9
Fara á
bókasafnið
og næla
sér í
jólabók

10
Gönguferð
í myrkrinu
með
vasaljós

11
Skella sér í
sundferð
eftir
skóladaginn

12
Kveikja á
kertum &
lesa
saman bók

13
Líta upp frá
jólalastressinu
& fara á
leikvöllinn í
Blánni

14
Föndra
&
skrifa
jólakort

15
Pakka inn
jólagaðifum

16
Baka
smákökur

17
Jólátónlist
&
púsl

18
Göngutúr
& skoða
jólaljósin

19
Poppa &
horfa á
jólamynd

20
Skreyta
piparkökur

21
Kíkja í
Hálsaskóg
með heitt
kakó

22
Smakka
skötu í
Löngubúð

23
Skauta/
sleðaferð í
jólaljósum

24
Gleðileg
jól

